



19. fundur stjórnar LH 2024-2026

26. maí 2025 kl. 20:00

Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Ólafur Þórisson, Sóley Margeirsdóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson, Unnur Rún Sigurpálsdóttir.

Mætt úr varastjórn: Sigurbjörn Eiríksson, Ragnhildur Gísladóttir, Jón Þorberg Steindórsson, Reynir Atli Jónsson.

Fjarverandi: Hilmar Guðmannsson

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stýrir fundi.

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

2. Staða verkefna hjá formanni og framkvæmdastjóra

Utanhússmótahaldið er nú komið af stað. Mörg mót um næstu helgi eru á sama tíma. Full ástæða er til að félög hafi meira samráð um skipulag mótadagskrár, til að auðvelda mönnun í dómgæslu og til að tryggja góða þátttöku keppenda á öllum mótum.

3. Íþróttabing

Íþróttabing var haldið 16. og 17. maí sl.

Willum Þór Þórsson var kjörinn nýr forseti ÍSÍ með miklum yfirburðum og Þórdís Anna Gylfadóttir var kosin í framkvæmdastjórn ÍSÍ, hlaut hún næstfelst atkvæði frambjóðenda og er hún fyrsti fulltrúi LH í stjórninni.

Nokkuð umfangsmiklar lagfæringar og breytingar voru gerðar á lögum ÍSÍ, m.a. að tillögum vinnhósp ÍSÍ um góða stjórnarhætti, sem er gott að hafa til hliðsjónar þegar kemur að því að uppfæra lög LH á næsta Landsþingi.

Ýmsar áhugaverðar tillögur voru samþykktar, eins og tillaga um að greina hagræn áhrif íþróttar, tillaga um að móta samræmdar reglur um áfengisveitingar á íþróttaviðburðum, tillaga um að koma böndum á veðmálasíður, tillaga um gerð sameiginlegra siðareglna fyrir allt íþróttar- og æskulýðsstarf og ný afreksstefna var lögð fyrir og samþykkt.

4. Stefnumótun

Fyrsta samantekt af stefnumótunarfundinum liggur fyrir. Þörf er á að halda framhaldsfund til frekari úrvinnslu og skoða þarf betur hlutverk LH annars vegar og hlutverk aðildarfélaganna hins vegar.

Samþykkt að taka fyrstu niðurstöður fyrir á næsta stjórnarfundum og senda svo í kjöldarið á þá sem tóku þátt í stefnumótunavinnunni.

5. Vefsíðan - staða

Vefsíðan verður kynnt þann 1. júní.



6. Miðbæjarreið / Kópavogsreið
Kópavogsbær býður hestamenn velkomna í skúðreið þann 17. júní í miðbæ Kópavogsbæjar.
Afgreiðsla: Skrifstofu falið að undirbúa reiðina með Kópavogsbæ.
7. Landsliðsnefnd – næstu verkefni
Undirbúningur fyrir HM gengur vel. Verið er að skoða fatamál, undirbúa útflutning og og aðstöðu á mótssað.
8. Boð á opnun Söguseturs íslenska hestsins á Hólum
Sögusetur íslenska hestsins verður opnað 1. Júní nk. á Hólum í Hjaltadal. Ný sýning verður opnuð þar sem hægt verður að fræðast um hestaliti og erfðir þeirra, kynnast upprunaættbók íslenska hestsins, Worldfeng, og skoða fjölbreytta og áhugaverða muni í frægðarhorni safnsins.
Afgreiðsla: Unni Rún falið að mæta á opnunin f.h. LH.
9. Gæðingakeppnisreglur í FEIF – umræða og ferill
Rætt um leiðir til að koma reglum um gæðingakeppni undir regluverk FEIF, en það er talin forsenda fyrir frekari útbreiðslu greinarinnar á heimsvísu. Einnig hafa verið uppi hugmyndir um að rótera stórmótum á 3ja ára fresti þannig að eitt árið verði HM, annað árið LM og þriðja árið Evrópumót með gæðingakeppni og kynbótasýningum.
Afgreiðsla: Formanni og framkvstj. falið að vinna málið áfram.
10. Hrossatað – breytt gjaldskrá Sorpu
Mikilvægur áfangi náðist í lausn hrossataðskrisunnar í síðustu viku þegar Sorpa lækkaði gjaldið úr 26,4 kr./kg. í 1,24 kr./kg. m. vsk. Áfram þarf þó að vinna að framtíðarlausn á losun hrossataðs á höfuðborgarsvæðinu þar sem stefnt er á lokun móttökunnar í Álfsnesi innan fárra ára.
11. Tímatökubúnaður fyrir skeiðkappreiðar
Tímatökubúnaðurinn sem LM ehf. á er úr sér genginn og mikil þörf á að endurnýja myndavélina sem notuð er í kappreiðum. Umræða varð um hvort ástæða sé til að LM eða LH eigi slíkan búnað.
Afgreiðsla: Skrifstofu falið að kanna hvað þessi búnaður kostar og hvort aðrir möguleikar séu í stöðunni, til dæmis að fela aðilum sem nú þegar eiga myndavélar til að sjá um tímatöku á skeiðkappreiðum.
12. Næsti staðfundur
Lagt er til að vorfundur stjórnar verði haldinn á Flúðum upp úr miðjum júní. Formanni falið að finna tímasetningu sem hentar flestum.
13. Önnur mál
 - a. Formannafundur og Uppskeruhátíð verða haldin 8. nóvember.

Fundi slitiði kl. 21.25.